

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Svalbarðsstrandarhreppi.

*Eyrin, Svalbarðseyri, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 9. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Eyrina á Svalbarðseyri. Í breytingunni felst að lóðarmörkum lóðarinnar Svalbarðseyrarvegur 17B að gámasvæði er breytt og að svo breytt lóð er sameinuð lóðinni Svalbarðseyrarvegur 17A. Sameinuð lóð mun bera staðfangið Svalbarðseyrarvegur 17 og vera 477 m<sup>2</sup> að stærð.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 18. maí 2022,*

**Vigfús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 2. júní 2022